

39

24. júlí

AUGLÝSING

um vörumerki.

Samkvæmt samkomulagi milli Íslands og Spánar hefir verið stofnað til gagnkvæmrar verndar fyrir spönsk vörumerki og verksmiðjumerki hér á landi og íslensk vörumerki og verksmiðjumerki á Spáni. Geta því framvegis, meðan tæð samkomulag stendur, Íslendingar fengið skráð vörumerki og verksmiðjumerki á Spáni og Spánverjar á Íslandi, þannig að hvorir um sig njóti beztu kjara um verndun slíkra merkja í hinu landinu.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

40

31. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna nauðsynjar á skömmtn á útflutningi léttverkaðrar saltsíldar til sumra af viðskiptalöndum Íslands, svo og vegna annara erfiðleika og takmarkana við sölu á þessari vörutegund, sé það óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fái íhlutunarvald um sölu og útflutning þessarar vöru, þannig að hún geti ráðstafað útflutningnum svo að hann verði í samræmi við sölumöguleika í viðskiptalöndunum.

Þar sem svo er ástatt sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsíld, en léttverkuð telst sú síld,